

Nefndasvið Alþingis,
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150, Reykjavík

Reykjavík 17. október 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, þingskjal nr. 3.

Stjórn VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014:

Í frumvarpinu er fyrirhugaðri hækkun á hlutdeild starfsendurhæfingarsjóða í tryggingagjaldinu á árinu 2014 frestað þannig að framlag ríkisins til VIRK verður 315 milljónir króna í stað um 917 milljóna króna.

VIRK hefur frá því að sjóðurinn var settur á laggirnar fyrst og fremst verið að sinna verkefnum er lúta að snemmtækum inngrípum gagnvart einstaklingum sem lenda í alvarlegum veikindum og slysum sem líklegt er talið að geti leitt til örorku. Hefur VIRK verið í hraðri uppbyggingu vegna þessa. Samhliða hafa verið viðræður milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um viðfangsefni sjóðsins og verkaskiptingu milli VIRK og ýmissa stofnana ásamt framtíðar fjármögnun þessa mikilvæga verkefnis.

Með setningu laga nr. 60/2012 má segja að tekist hafi samkomulag um framtíðarskipan þessara mála, en í kjölfar þess hóf VIRK að veita örorkulífeyrisþegum lífeyrissjóðanna þjónustu og jukust tekjur VIRK við það í lok síðasta árs þegar lífeyrissjóðir hófu greiðslu til VIRK. Með samkomulaginu um setningu laganna var gert ráð fyrir því að þriðjungsframlag ríkisins kæmi í áföngum á árunum 2013-2015. Ljóst er að breytingar á framlagi ríkisins til VIRK eins og lagt er til í fjárlögum fyrir næsta ár er ekki í samræmi við þessi lög og það samkomulag sem lá til grundvallar. Það er einnig ljóst að stjórnvöld ræddu ekki við stjórn VIRK né aðila vinnumarkaðarins um þennan niðurskurð áður en fjárlög voru lögð fram. Ekki liggur fyrir hvort að baki þessu liggi áform stjórnvalda um stefnubreyting varðandi það samkomulag sem náðist um fjárframlög til VIRK til lengri tíma lítið. Ef svo er hefði þetta í för með sér veruleg áhrif á starfsemi og þróun hennar sem og það samkomulag um umfang þjónustu VIRK sem endurspeglast í lögum nr. 60/2012. Það er afstaða stjórnar VIRK að mikilvægt sé að standa vörð um starfsemi VIRK til framtíðar þar sem sú starfsemi skilar góðum árangri fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni og í raun mjög góð fjárfesting bæði nú og til framtíðar.

Ef það er vilji ríkisstjórnar að gera breytingar á því samkomulagi sem gert var við aðila vinnumarkaðarins í ljósi erfiðar stöðu ríkissjóðs er mikilvægt að taka slíkar viðræður upp með formlegum hætti því með frestun á framlagi ríkisins er verið að fara á skjön við gerða samninga milli ríkisins og aðila vinnumarkaðarins um fjármögnun á VIRK. **Stjórn VIRK fer því fram á að viðræður**

eigi sér stað milli VIRK og stjórnvalda um breytingar sem þessar og ráðstöfun þessara fjármuna.

Nánari upplýsingar um starfsemi VIRK er að finna á heimasíðu hans www.virk.is. Undirritaður veitir einnig fúslega allar nánari upplýsingar og er reiðubúin til viðtals ef óskað er eftir því.

F.h. stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs



Gylfi Arnbjörnsson,
formaður stjórnar VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs